

**Sp.**

**240. Nefndarálit**

**[1. mál]**

um framlög til flóabáta og fólks- og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngunála.

Samvinnunefnd samgöngunála hefur nú sem áður fjallað um erindi út af fjárfraðslögum til flóabáta og vetrarflutninga. Á nefndarfundum hafa komið fulltrúar úr flóabátanefnd þeirri, er samgönguráðherra skipaði með bréfi, dags. 17. jan. 1977, til að gera athugun á rekstri og þjónustu flóabátanna. Nefndina skipa eftirtaldir menn:

Halldór S. Kristjánsson deildarstjóri í samgönguráðuneyti, og er hann formaður nefndarinnar, Guðmundur Einarsson forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, Tómas H. Sveinsson viðskiptafræðingur, Jón Helgason alþm., formaður samgöngunefndar efri deildar, og Friðjón Þórðarson alþm., formaður samgöngunefndar neðri deildar Alþingis.

Flóabátanefnd hefur haldið marga fundi og gert ýmsar gagnlegar athuganir, en hún hefur ekki enn þá lokið störfum.

Að veltu hafa samvinnunefnd samgöngunála borist mörg erindi. Hinir stærri flóabátar, Herjólfur, Akraborg, Baldur, Fagranes og Drangur, hafa allir sent umsóknir, einnig margir smærri bátar og önnur farartæki, sem annast ferðir og flutninga í snjóþungum byggðarlögum. Umsækjendur eru rúmlega 40 að þessu sinni og er það svipuð tala og áður.

Það er sameiginlegt flestum umsækjendum, sem halda uppi föstum ferðum að vetrarlagi við óblíð skilyrði, að hagur þeirra er þröngur. Farartæki þessi þurfa að

vera sterkbyggð og traust, svo að þau geti komist leiðar sinnar hvenær sem er og veitt nægilegt öryggi. Til þeirra er oft kallað fyrirvaralaust, þegar slys eða annan bráðan vanda ber að höndum. Hér er því oft um að ræða ákaflega mikilvæga öryggisþjónustu, sem ekki verður metin til fjár, þó að mikið fé þurfi til að halda henni uppi.

Það skal tekið fram, að styrkir þeir, sem veittir eru í þessu skyni, eru aðallega rekstrarstyrkir. Þó hefur verið talið rétt að reyna að veita nokkrum stuðning, þegar um endurnýjun dýrra farartækja er að ræða og þar sem sérstök fjárhagsleg áföll hafa dunið yfir eða skuldabyrði er lítt bærileg að dómi nefndarmanna. Eru slíkir styrkir nefndir einu nafni stofnstyrkir.

Verður nú gerð stutt grein fyrir þessum málum, eins og þau horfa við úti um byggðir landsins.

#### **Norðurlandssamgöngur.**

Norðurlandsbáturinn Drangur hefur árum saman annast ferðir og flutninga frá Akureyri um Eyjafjörð, Hrísey, Ólafsfjörð, Siglufjörð og Grímsey. Báturinn er nú orðinn 18 ára gamall. Hann hefur gengið vel, en að sjálfsögðu hlýtur viðhald að vera orðið töluvert. Fyrir dyrum stendur endurbygging vélarinnar. Lestunar- og losunarútbúnaður bátsins er orðinn lélegur. Skrúfuna þarf að endurnýja áður en langt um líður o. fl. — Hríseyjarferja er á förum milli Dalvíkur og Hríseyjar. Kaup á nýrri ferju eru í undirbúningi. — Flugsamgöngur við Grímsey eru styrktar nú sem fyrr. — Nokkrar snjóbifreiðar á Norðurlandi fá styrk, svo og hin ötula flugbjörgunarsveit á Akureyri.

#### **Austfjarðasamgöngur.**

Mjóafjarðarbátur annast reglubundnar ferðir milli Mjóafjarðar og Norðfjarðar. Hann er eina samgöngutækið við Mjóafjörð mestallt árið. Nýr bátur verður keyptur í þessar ferðir um áramót. — Margar snjóbifreiðar eru í ferðum á fjallvegum austanlands að vetrarlagi. Hljóta þær svipaða styrki og áður. Oddskarðsgöng hafa nú verið opnuð til umferðar. Er það von manna, að þau bæti og létti vetrarsamgöngur um þennan háa fjallveg.

#### **Suðurlandssamgöngur.**

Til vöruflutninga um Suðurland til hinna hafnlausu byggða í Skaftafellssýslu er varið nokkurri fjárhæð, svo sem gert hefur verið á undanförunum árum. — Vestmannaeyjaskipið Herjólfur, sem bættist í hóp flóabáta á s. l. ári, varð fyrir miklum áföllum í rekstri. Skipið er smíðað í Noregi 1976. Við ábyrgðarskoðun komu fram gallar á skrúfuöxli, sem ollu rekstrarstöðvun skipsins frá 7. mars til 20. maí 1977, eða í 2½ mánuð. Allt er enn á huldu um greiðslu skaðabóta af þessum sökum.

#### **Faxaflóasamgöngur.**

Hf. Skallagrímur sér um útgerð Akraborgar á leiðinni Akranes-Reykjavík. Þetta er fjölfarin leið að fornu og nýju. Flutningur bifreiða er mikill með Akraborg. Tekjur eru oft háar. En óhagstæð lán til skamms tíma valda útgerðinni erfiðleikum og óhagræði. — Um annan stuðning við samgöngur af þessu tagi er vart að ræða á Faxaflóasvæði.

#### **Breiðafjarðarsamgöngur.**

Breiðafjarðarbáturinn Baldur á lögheimili og varnarþing í Stykkishólmi. Hann heldur uppi reglubundnum ferðum milli Reykjavíkur og Breiðafjarðarhafna, m. a.

inn á Gilsfjörð og Hvammsfjörð. Baldur fer fastar áetlunarferðir og póstferðir allt árið frá Stykkishólmi um Flatey til Brjánslækjar á Barðaströnd. Baldur hefur oft hlaupið í skarðið, þegar Skipaútgerð ríkisins hefur þurft á að halda, m. a. til Vestfjarða og Vestmannaeyja, meðan Herjólfur var úr leik á þessu ári. — Langeyjar-nesbátur er styrktur áfram til ferða frá Stykkishólmi um eyjarnar upp í Hnúksnes í Dalasýslu. — Loks eru veittir smástyrkir til vetrarflutninga á Vesturlandi.

#### Vestfjarðasamgöngur.

Djúpbáturinn Fagranes annast ferðir og flutninga um Ísafjarðardjúp og mjólkurflutninga til Ísafjarðar, m. a. frá Dýrafirði og Önundarfirði. Hagur bátsins er þröngur. Viðræður hafa farið fram við forstjóra Ríkisskips um hugsanlega samvinnu Skipaútgerðar ríkisins og Djúpbátsins, þ. e. með þeim hætti, að Ríkisskip flytti vörur til Ísafjarðar, en Djúpbáturinn flytti þær síðan á nálægar hafnir. En báturinn hentar ekki til vöruflutninga í gámum eða grindum, m. a. er lestarlúgan of litil. — Nokkur styrkur er veittur til Dýrafjarðarbáts og til 10 annarra aðila á Vestfjörðum, sem annast vetrarflutninga, aðallega á snjóbilum.

#### Almenn greinargerð.

Samvinnunefnd samgöngumála ítrekar ályktanir sínar frá fyrri árum þess efnis, að umsækjendur sendi umsóknir sínar í tæka tíð á hausti hverju til nefndarinnar, ásamt glöggri skilagrein um rekstur, hag og horfur, unnin störf og áætlanir í þessum eignum. — Svo sem áður er getið vinnur sérstök flóabátanefnd nú að því að gera athugun á rekstri og þjónustu flóabátanna. Í skipunarbréfi til nefndarmanna frá ráðherra segir m. a.:

„Nefndin skal athuga reikninga bátanna, sérstaklega hvað varðar launagreiðslur og annan útgerðarkostnað, svo og hvort tekjustofnar þessara aðila séu eðlilegir miðað við tilkostnað.

Jafnframt er nefndinni falið að kanna möguleika á endurskipulagningu samgangna til og innan einstakra svæða í því skyni að ná sem ódýrastri tilhögun flutninga fyrir samfélagið í heild, með eða án opinberra styrkja.“

Að venju er það skilyrði sett fyrir því, að styrkur verði veittur og greiddur, að rekstri flóabátanna og annarra þeirra, er styrki hljóta, verði hagað þannig í samráði við ráðuneytið, að þjónustan við landsbyggðina verði í senn hagkvæm og örugg.

Með hliðsjón af framanrituðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta, snjóbifreiða, fólks- og vöruflutninga skv. þessum lið á fjárlagaárinu 1978 verði 244 890 000 kr. og skiptist sú fjárhæð eins og greint er á þskj. 241.

Alþingi, 16. des. 1977.

Friðjón Þórðarson, form. Nd.-nefndar, frsm.	Jón Helgason, form. Ed.-nefndar.	Halldór Ásgrímsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Sigurlaug Bjarnadóttir, fundaskr. Nd.-nefndar.	Jón G. Sólmes.	Karvel Pálmason.
Pétur Blöndal.	Stefán Jónsson.	Garðar Sigurðsson.
Páll Pétursson.	Ingiberg J. Hannesson.	Stefán Valgeirsson.
Eggert G. Þorsteinsson.		Steinþór Gestsson.